

# Amphitheater

---

Nanna: Nokkur hundruð metrum austan við Keisaraböðin og í útjaðri borgarinnar, stendur rómverskt hringleikahús (amphitheater) frá því um 100 e. Kr., sem eitt sinn rúmaði 20.000 áhorfendur. Í leikhúsinu kepptu gladíatorar og þar voru einnig dýr látin eigast við. Leikhúsið gegndi um tíma einnig hlutverki borgarhlíðs á 4. og 5. öld.

Sonja: Bæði keisaraböðin og hringleikahúsið eru notuð fyrir árlegar uppsetningar á Antikenfestspiele, fornum grískum og rómverskum leikverkum og það er ekki erfitt að ímynda sér að flutningur verkanna á þessum slóðum hlýtur að vera áhrifarík upplifun.

Kynning haldin við Amphitheater

Flytjendur: Nanna og Sonja